

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, starfandi bæjarstjóri
Dags. 30. ágúst 2018
Mnr. 2017090026



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - aðildarumsókn að rammasamningum Ríkiskaupa

Á 1023. fundi bæjarráðs sem haldinn var 9. júlí sl. var undirritaðri falið að vinna drög að rammasamningi með Ríkiskaupum. Undirrituð ásamt sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs hafa verið í samskiptum vegna málsins við Ríkiskaup og leggjum til að Ísafjarðarbær gerist aðili að samningnum. Ísafjarðarbær gerist aðili að samningnum með því að undirrita meðfylgjandi aðildarumsókn. Aðild að samningnum skilar alla jafna mikilli hagræðingu í öllum innkaupum á vöru og þjónustu sveitarfélaga, enda hagstæðir samningar sem Ríkiskaup hafa gert fyrir hönd opinberra stofnana og sveitarfélaga.

Í öllum rammasamningum eru ákvæði um mögulegar undanþágur aðila og í mörgum rammasamningum segir að kaupa megi allt að 10% utan rammasamninga. Ísafjarðarbær getur sagt sig frá ákveðnum samningum. Tilkynningar um að verið sé að fara í útboð verða senda Ísafjarðarbæ og getur Ísafjarðarbær óskað eftir að taka ekki þátt í tilteknu útboði. Enn fremur er ákvæði m.a. í iðnmeistarasamningnum um að ef það er ekki samkeppni á svæðinu sé hægt að fara í örútbóð (svæði verandi í okkar tilviki Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur).

Aðildargjald Ísafjarðarbæjar er kr. 750.000,- á ári fyrir aðild að rammasamningum Ríkiskaupa.

Undirrituð leggur til bæjarráð staðfesti framlagða aðildarumsókn, greiði aðildargjaldið og að Ísafjarðarbær gerist þar með aðili að rammasamningnum.

Þórdís Sif Sigurðardóttir